

*Sent með tölvupósti*  
Reykjavík, 16. febrúar 2024

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
v.t. Teitur Björn Einarsson, formaður

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, þingskjal 1009 – 675. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024**

Þónokkur landbúnaðartengd starfssemi er á því svæði sem áhrif náttúruhamfaranna ná til. Bændasamtökin styðja því meginmarkmið frumvarpsins og telja afar mikilvægt fyrir rekstraraðila að það nái fram að ganga, en með þeim fyrirvara að raunverulegu tekjufalli verði mætt vegna náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ.

Ljóst er að vegna aðgangstakmarkana er útilokað að vera með dýrahald eða aðra viðkvæma landbúnaðarstarfssemi í Grindavík.

Samtökin telja að ef frumvarpið verði að lögum eins og það liggur fyrir núna muni ákvæði 5. gr. ganga í berhogg við markmið laganna, í ákveðnum tilvikum, þar sem fjárhagsstuðningurinn myndi ekki mæta því raunverulega tekjufalli sem er óumdeild afleiðing af hamförunum. Í því samhengi má nefna sem dæmi aðila sem leigja út húsnæði/aðstöðu til atvinnurekstrar. Þannig endurspeglar stöðugildi ekki í öllum tilfellum það tekjufall sem um ræðir og því verður að vera hægt að nýta aðrar mælikvarða samhliða. Réttlætis- og sanngirnissjónarmið verði þannig að vera höfð að leiðarljósi. Slíkt tekjufall eins og hér um ræðir hefur strax áhrif í atvinnurekstri í landbúnaði sem getur ómögulega staðið undir slíku tekjufalli.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur